



Stjórn SSH 391. fundur

Mánudaginn 12. ágúst 2013 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Jón Gnarr Kristinsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Haraldur Sverrisson.

Forföll: Ármann kr. Ólafsson og Guðný Ívarsdóttir

Ennfremur sat fundinn S. Björn Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna og byggðasamlaganna 2014.

Á fundinn mætti Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar.

Farið var yfir helstu verðlagsforsendur og hagspár sem lagðar hafa verið til grundvallar við gerð fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014, sem og verklaga og tímasetningar. Þá var ennfremur rætt um stöðu byggðasamlaganna innan samstæðureiknings borgarinnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga þar um.

Fyrir liggur, skv. ákvæðum eigendastefnu Strætó bs. og SORPU bs. að halda eigendafundi vegna fjárhagsáætlana byggðasamlaganna fyrir 1. september nk, og móta þar meginlínur og stefnu vegna áætlana byggðasamlaganna.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að vinna að nauðsynlegum undirbúningi eigendafunda Strætó bs. og Sorpu bs. vegna fjárhagsáætlana byggðasamlaganna sbr. ákvæði í eigendastefnu þeirra.

BBS vék af fundi.

2. Skíðasvæðin - samstarfssamningur

Fyrir lágu drög að nýjum samstarfssamningi um sameiginlegan rekstur skíðasvæðanna í Bláfjöllum og Skálafelli, ásamt drögum að nýrri samþykkt fyrri „rekstrarstjórn“ skíðasvæðanna og ábendingum frá innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar. Samningsdrögin byggja á fram komnum athugasemdum og ábendingum í stjórnsýsluúttekt skíðasvæðanna og tillögu stjórnar SSH til aðildarsveitarfélaganna frá stjórnarfundum 10. desember sl.

Umræður.

Niðurstaða.

Framkvæmdastjóra og forstöðumanni ÍTR falið að móta drögin áfram á grundvelli ábendinga innri endurskoðanda og umræðna á fundinum, og senda uppfærð drög til kynningar og umfjöllunar hjá stjórn skíðasvæðanna. Stefnt er að því að afgreiða fullmótaða tillögu að nýju samkomulagi á næsta stjórnarfundum.

3. **Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013**

Fyrir lá minnisblað með samantekt á gangi vinnu verkefnahópa vegna sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2013

4. **Erindi Grindavíkurbæjar vegna endurskoðunar vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins**

Fyrir lá erindi Grindavíkurbæjar þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið fái aðkomu að vinnu stýrihóps endurskoðunar á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið, í ljósi þess að þar er m.a. fjallað um vatnsvernd í Fagradal, sem liggur innan lögsögu Grindavíkurbæjar. Jafnframt lá fyrir minnisblað framkvæmdastjóra SSH vegna málsins.

Niðurstaða:

Afgreiðslu málsins frestað til næsta stjórnarfundar með vísun í minnisblað framkvæmdastjóra.

5. **Önnur mál.**

a) **Frá bæjarráði Kópavogs – vísun á erindi Frjálsíþróttasambands Íslands vegna sameiginlegra tækjakaupa.**

Afgreiðslu frestað þar til fyrir liggur umsögn ÍTR.

b) **Frá framkvæmdastjóra SORPU bs. – umsögn um vinnslu metans úr skólpi frá hreinsistöðvum fráveitukerfis sveitarfélaganna.**

-Lagt fram

c) **Frá samstarfshópi um þjónustu við fatlaða – Ársskýrsla hópsins**

-Lagt fram.

d) **Jón Gnarr vakti máls á þörf á markvissri skoðun á gjalddtöku af ferðamönnum og rætt var um mögulegt málþing á vegum SSH og ferðamálasamtaka um leiðir og lausnir í þeim efnum.**

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:10